# Bréf og skjöl fátækramála 1909-1910

Aðfnr. 1018, örk 24

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dagskrá
fyrir fund fasteignanefndarinnar
25. maí 1920.—

1 Ingibjörg Eiríksdóttir biður um styrk
2 Guðmundur Runólfsson, Mel. í Kolbeinsstaðahr. vill fá Fellsaxlarbotn
3 Ráðstöfun á Helgu Hern. Jóhannsdóttur
4. Ól. Ólafsson biður um framlengdan húsaleigustyrk sinn.—
5 Útaf flutningi á Valg. Sigurl. Bjarnad.
6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19.mai 1910 838

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með lýsum vjer því yfir að við skulum sjá um þarfir konunnar Guðbjargar Bjarnadóttir og barna hennar á Skála við Grundarstýg um tveggja ára tíma til hjer frá að telja

Reykjavík 23 Maí 1910

Gísli Jóhannsson
Björn Jónsson

Bjarni Bjarnason fór til Ameríku.

B. Rvk. 5/1 1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að eg undirrituð hefi um nokkur ár legið rúmföst, og orðið að borga með mer 25 Kr. um hvern mánuð, svo að eigur mínar eru nú þegar þrotnar, en hefi enga heilsubótarvon, neyðist eg (því) her með til, af framangreindum ástæðum, að leyta til hinnar háttvirtu fátækranefndar bæjarins og biðja hana um hjálp.

Þess skal her með getið, að eg get ekki borgað fyrir mig, fyrir yfirstandandi maímánuð.

Reykjavík Lindargötu 1. B. 23. maí 1910
Ingibjörg Eiríksdóttir
(ekkja eftir Einar heitinn Arasen frá Tóftum)

Til
fátækranefndarinnar
í Reykjavík

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lögreglustjórinn
í
Reykjavík

Kunngjörir: að með því að stúlkan Valgerður Sigurlína Bjarnadóttir 22 ára, er viðurkend er sveitlæg í Kleifahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu hefir þegið yfir hundrað krónur af sveit, enda þiggur stöðugt sveitarstyrk, þá úrskurðast hjermeð samkvæmt kröfu dvalarsveitar hennar að greind Valgerður Sigurlína Bjarnadóttir skuli samkvæmt fátækralögum 10. nóv. 1905. 71–74 gr. flytjast þurfamannaflutningi til nefnds framfærsluhrepps síns, skemmstu og beinustu leið. Hlutaðeigandi sveitarstjórnir annast um þennan flutning, og eiga að framkvæma hann þannig, að hvorki lífi nje heilsu þurfamannsins sje nein hætta búin.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli

Bæjarfógetinn í Reykjavík 23. maí 1910

Jón Magnússon

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður Ólafur ~~Jónsson~~ Ólafsson tek hjer með á mig ábyrgð á því, að það ekki verði Fátækrasjóði Reykjavíkur til ómaga eða skaða, að hætt verði nú við að flytja stúlkuna Sigurlínu Bjarnadóttur þurfamannaflutningi á sveit sína, Kleifahrepp. –

Reykjavík 25 Maí 1910

Ólafur Ólafsson skósmiður
Grettis Götu 57

Ó. Rek. 29/1910

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Borgarstjóri Páll Einarsson Reykjavík

Í tilefni af hinni laungu og ströngu tíð yfir nálega allann veturinn og af henni stafandi fyrir sjáanlegur atvinnu skortur og af því leiðir að jeg nú þegar sé mig neiddan til að beiðast framleingingar á húsaleigu styrki þeim er jeg sótti um síðast liðið haust til sveitar minnar Reykjavíkur bæjar og var veittur fyrir að eins yfir standandi vetur og þar sem styrkveitingar tíminn er þegar útrunninn. sé jeg mjer ekki greindra ástæðna vegna annað fært enn vinda bráðann bug að húsaleigu styrks framleingingar beiðni minni enda þótt jeg líti svo til að Zvil ráðið verði um að geta lifað án frekari styrks

Með virðingu
Ísafirði 12 april 1910
Ólafur Ólafsson

Til
Borgarstjóra Páls Einarssonar Reykjavík
F. Rok. 48/1910.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg undirskrifuð Helga Emalía Jóhannsdóttir leyfi mjer hjer-með að biðja hina háttvirtu fátækranefnd í Reykjavík að sjá mjer fyrir húsnæði og öðru er eg þarfnast þar sem eg veikinda vegna ekkert get unnið Eg hefi undanfarið legið á Landa-kotsspítalanum en er nú fyrir viku komin af honum en á mjer enga nótt vísa frá því nú í dag.

Eg leyfi mjer því að mælast til að hin háttvirta fátækra-nefnd taki þessa kvörtun mína til greina sem allra fyrst

Rvk. Stödd í Brunnstíg № 10
4/1/1910. Helga Emalía Jóhannsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi jeg undir-
rituð mér að tilkynna
hinni háttvirtu fátækra-
nefnd í Reykjavík, að með
því að jeg ligg nú rúm-
föst og hefi enga fullorðna
manneskju á heimilinu,
ekkert nema ungbörn,
þá get jeg ekki á nokkurn
hátt annast lengur um
sjúklinginn Valgerði Sigurlínu
Bjarnadóttur, frá Hvammi
í Mýrdal, sem jeg nú um
tíma hefi haft hjá mér,
meira af vilja en getu;
og hlýt jeg því að skora
á hina háttvirtu fátækra-
nefnd

L. Rvk. 16/1 1910.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að taka við henni, og sjá henni fyrir verustað framvegis, eða þar til hún verður flutt á hennar framfærsluhrepp sem er Kleifahreppur á Síðu.

Endurgjalds fyrir þann tíma sem jeg hef underhaldið áðurgreindann sjúkling krefst jeg ekki; eða fyrir þau meðöl sem jeg hef látið hana fá.

Hverfisgötu 32
Reykjavík
31. marz 1910

María Þorvarðardóttir

Til
fátækranefndarinnar
í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðm. Runólfsson
Mel
Kolbeinsstaðahrepp.

vill fá
Fellsaxlarkotið – –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur